

## Minnisblað

**Til:** Bæjarstjóra

**Frá:** Sigurði Nordal, sviðsstjóra stjórnsýslu, og Elínu S. Kristinsdóttur, skjalastjóra

**Dags:** 7. september 2021

**Efni:** Skjalavarsla Hafnarfjarðarkaupstaðar - framtíðarhúsnæði

---

Um langt skeið hefur verið leitað framtíðarlausnar fyrir skjalavörslu sveitarstjórnarskrifstofu Hafnarfjarðar sem uppfyllir þær skyldur bæjarfélagsins sem kveðið er á um í lögum um opinber skjalasöfn, lögum um persónuvernd, sveitarstjórnarlögum, upplýsingalögum og ýmsum reglum og reglugerðum. Núverandi húsnæði undir skjalasafnið er með öllu óviðunandi en stærstur hluti þess er nú hýstur í Engidalsskóla, auk þess sem skjöl eru geymd í kjallara St.Jó og víðar í bænum. Mikilvægt er að finna lausn á skjalavörslu til framtíðar þar sem reglulegir flutningar skjalageymslu valda óhagræði og kostnaði, auk þess að tefja verulega lögbundna flokkun og vinnslu skjalanna.

Lögð hefur verið áhersla á að finna einfalt og hagstætt húsnæði sem þó uppfyllir kröfur Þjóðskjalasafns um öryggi, eldvarnir, rakastýringu o.fl. Að mati skjalastjóra og sviðsstjóra stjórnsýslu stendur nú afar hentugt húsnæði til boða við Hvaleyrarbraut 39. Húsnæðið er nýuppgert iðnaðarbil í enda húsnæðis sem verið er að endurnýja. Mjög gott aðgengi er að húsnæðinu frá afgirtu bílaplani. Aðstaða fyrir skjalavörð er einnig góð fyrir húsnæði af þessu tagi, sem er mikilvægt út frá vinnuvernd.

Húsnæðið er tiltölulega rúmgott sem gerir að það verkum að ekki er þörf á að fjárfesta í hjólaskápum auk þess sem gott rými er fyrir vinnslu og flokkun gagna. Með þessum hætti sparast töluverð útgjöld þar sem verð eins hjólaskáps með uppsetningu og virðisaukaskatti má áætla um 3,6 milljónir króna og þyrfti 5-6 slíka skápa undir öll skjölin.

Fyrir liggur leigusamningur sem báðir aðilar hafa fallist á og er þar m.a. kveðið á um að í leigugjaldi felist frágangur og uppsetning öryggisbúnaðar sem uppfyllir þau skilyrði sem Þjóðskjalasafn gerir til varðveisluhúsnæðis fyrir skjöl. Leigukjör eru sambærileg og á iðnaðarbilum annars staðar í Hafnarfirði og öðru geymsluhúsnæði bæjarins.